

Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 8. maí 2018.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018 – 2029, 479. mál.

Náttúruminjasafn Íslands þakkar umhverfis- og samgöngunefnd fyrir tækifæri til að veita umsögn um þetta mál.

Náttúruminjasafnið fagnar því að sett verði opinber stefnumörkun um uppbyggingu innviða sem hefur það að markmiði að vernda náttúru og náttúru- og menningarminjar landsins. Stefnumörkunin tekur til innviða á sviði ferðamennsku og útivistar, sem vaxið hefur gríðarlega á undanförunum 10–15 árum með tilheyrandi álagi á náttúru og umhverfi, sem þegar hefur látið á sjá á sumum stöðum. Stefnumörkunin er í þessu ljósi löngu tímabær og afar brýn. Safnið vill vekja athygli á eftirfarandi þáttum:


A. Um „**1. Markmið um stýringu og sjálfbæra þróun.**“ (2. mgr. og 1.2. Flokkun lands og staða.). Í þessum kafla er m.a. vikið að flokkun auðlinda landsins með verkfærum ferðamálafræðinnar, í því skyni að uppbygging innviða stuðli að verndun náttúru og menningarminja. Hér telur Náttúruminjasafnið að sjónarhornið sé of þröngt og að nálgast beri flokkun og skilgreiningu náttúruauðlinda og menningarsögulegra minja á víðtækari hátt en eingöngu með augum ferðamálafræðinnar. Ella er hætt við að auðlindir sem ferðamálafræðin nær ekki til verði út undan og kunni að spillast. Hér þurfa einnig að koma til eindregin náttúru- og vistfræðifræðileg sjónarmið. Í þessu sambandi má minna á nýja aðferðafræði sem samstarfsaðilar Náttúruminjasafnsins hafa þróað við flokkun náttúru- og menningarverðmæta í tengslum við Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Víðtæk nálgun og opin skilgreining á auðlindahugtakinu er nauðsynleg, ekki síst í ljósi þess að hin stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða er hugsuð til 12 ára. Á þeim tíma er hæglega hægt að valda miklum usla á auðlindum landsins m.t.t. náttúru og menningarminja.

B. Um „**2.3. Mat á álagi, ástandi og innviðabörf.**“
Hvorki í tillögunni né meðfylgjandi greinargerð er útskýrt eða lýst hvaða álagsþættir það eru sem einkum steðja að náttúru og náttúru- og menningarminjum landsins vegna ferðamennsku og útivistar. Afar mikilvægt er að skilgreina alla helstu álagsþætti vegna þessa og vinna heildstæða ástandsúttekt á þeim á landsvísu. Í því verkefni ber m.a. að huga að álagi m.t.t. átroðnings og skemmda á lífríki og jarðminjum, brottnáms muna og minja (t.d. steina- og eggjataka), truflunar á atferli og lífsháttum dýra og vegna úrgangslösu.

Undirritaður mætir fúslega á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að ræða þessi mál sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður